

## M-53/2013 Álit 17. september 2013

### Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn september 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málínu nr. M-53/2013:

#### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 30. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við Y.

#### II

#### Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 12. ágúst sl. sendi kærunefndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna viðskipta við Y. Af þessu tilefni vill kærunefndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 2. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.

Til samræmis við téð ákvæði óskar kærunefndin því eftir að þú skýrir nánar hvaða kröfur þú gerir á hendur Y.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 26. ágúst n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málínu verði vísað frá nefndinni.“

Kærunefndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kærunefndin álíttur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kærunefndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kærunefndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 12. ágúst sl.

**III**  
**Álitsorð**

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir